



REGLUGERÐ

Um þáttökugjald í Íslandsmóti

1. gr.

ÍHÍ er heimilt að krefja aðildarfélög sín um þáttökugjald vegna iðkenda og er aðildarfélögum ÍHÍ skylt að skrá iðkendur sína.

2. gr.

Gjaldið skal miðast við hvern leikmann sem tekur þátt í Íslandsmóti og skráður er til æfinga hjá aðildarfélagi. Aðeins þeir leikmenn sem færðir hafa verið í gagnagrunn og greitt þáttökugjald, hafa heimild til þátttöku á mótum á vegum ÍHÍ. Undanþegnir þáttökugjaldi eru þeir iðkendur sem eingöngu eru í skautaskóla/skautastund, sem fram fer á vegum aðildarfélaga.

3. gr.

Stjórn ÍHÍ skal fyrir 15. ágúst ár hvert tilkynna aðildarfélögum sínum upphæð gjaldsins.

4. gr.

ÍHÍ sér til þess að aðildarfélögin hafi aðgang að upplýsingum úr gagnagrunninum. ÍHÍ er heimilt að nota Felix, gagnagrunn ÍSÍ, í þessu skyni.

5. gr.

Láti aðildarfélag leikmann spila óskráðan getur það varðað brottvísun úr leik/móti, áminningu og/eða sektum samkvæmt ákvörðun aganefndar.

6. gr.

Aðildarfélög skulu greiða þáttökugjaldið fyrir 15. nóvember ár hvert og lokauppgjör fyrir tímabilið skal fara fram fyrir 15. apríl ár hvert.

7. gr.

Komi til vanskila á skráningargjöldum er stjórn ÍHÍ heimilt að vísa viðkomandi aðildarfélagi úr keppni.

Samþykkt á Íshokkiþingi, 11. maí 2019.